

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.
Frá og með 1. maí 1981 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 1,06 kr.

Skammstafanir:

kw = kílówatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílówattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI

RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárlíður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	Ársgreiðslur	
			g/a	kr/a
A1 (Lýsing)	1	1,06	30	31,80 á fermetra, skilyrt notk.
A2	2	2,12		lágmark 1200 kwh/a
A3	3	3,18		
B1 (Heimili)	1	1,06	180	190,80 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar)	1	1,06	600	636,00 á kw, ástimpluð
C2	0,3	0,32	1600	1 696,00 á árskílówatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	0,64		Án rofs, 0,91 til annarra nota
D2 —	0,336	0,36	Rof 1,5 h/d,	0,51 til annarra nota
D3 —	0,316	0,33	Rof 2,5 h/d,	0,47 til annarra nota
D4 —	0,257	0,27	Rof 4,5 h/d,	0,38 til annarra nota
D5 —	0,178	0,19	Rof 14,6 h/d,	0,27 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1—5, samtals 42,5%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 0,60 g/kwh.

Raforka til vinnulagna fellur undir taxa A3.

F. Mæla- og rofagjöld.

		Árgjöld	Daggjöld
		g/a	kr/d
F10 Einfasa mælir		300	318,00
F11 Einfasa mælir m. rofa		900	954,00
F20 Þrífasa mælir		600	636,00
F21 Þrífasa mælir m. rofa		1200	1 272,00
F30 Aflmælir		2800	2 968,00

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

Skýringar á töxtum:

- A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfflatar í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1 — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.
- A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.
- A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.
- B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrýmis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxa A1.
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársálag mælt um mestafl-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh. á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvorar einum aukastaf fyrir auru. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug auru. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í árgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjald- skrár- liður	Málstraumur stofnvara í			Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVA	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600$ $+ 130 \times \text{kVA}$ Gjaldstig g	Tengigjald kr.
	220 V kerfi A	380 V kerfi A				
T1	2 × 60	1 × 60	$0,22 \times 60$	= 13	5 360	5 682,00
T2	3 × 60		$0,38 \times 60$	= 22	6 570	6 964,00
T3	3 × 100	3 × 60	$0,38 \times 100$	= 38	8 730	9 254,00
T4		3 × 100	$0,66 \times 100$	= 66	12 510	13 261,00
T5	3 × 200		$0,38 \times 200$	= 76	13 860	14 692,00
T6	3 × 350	3 × 200	$0,66 \times 200$	= 132	21 420	22 705,00
T7		3 × 350	$0,66 \times 350$	= 231	34 780	36 867,00
T8				= 300	44 100	46 746,00
T9				= 500	71 100	75 366,00
T10				= 800	111 600	118 296,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

$$Y(J) = (200 + 3 \times \text{kVA}) \text{ gjaldstig á metra.}$$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

$$Y(L) = (40 + 2 \times \text{kVA}) \text{ gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.}$$

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldis skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almenn:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

IV. KAFLI

Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 121 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.****ORKU- OG AFLVERÐ, FASTAGJÖLD.****A. Lýsing.**

1.1. Fast gjald	kr.	40,59 á mán.
Orkugjald	—	5,17 á kWh
1.2. Fast gjald	—	40,59 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	2,79 á kWh
1.3. Útilýsing:		
Fast gjald	—	40,59 á mán.
Orkugjald	—	1,39 á kWh
1.4. Útilýsing:		
Fast gjald	—	40,59 á mán.
Fast gjald á ljósker	—	20,30 á mán.
Orkugjald	—	0,66 á kWh
1.5. Húsbyggingar:		
Fast gjald	—	40,59 á mán.
Orkugjald	—	2,15 á kWh